

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. janúar 2020 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-68/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 27. september 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að farsíminn sé haldinn galla og krefst endurgreiðslu á kaupverði eða skaðabóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 28. október 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur í því skyni. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust andsvörin 30. október 2019. Frekari athugasemdir bárust ekki til nefndarinnar. Með bréfi, dags. 16. janúar 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa fest kaup á farsíma af gerðinni iPhone 7 hjá seljanda þann 29. september 2016 fyrir um 124.990 krónur. Þann 17. febrúar 2018 hafi farsíminn hins vegar bilað og þá verið staðfest af hálfu seljanda að farsíminn væri haldinn galla vegna „*audio ic*“ sem feli í sér bilun í móðurborði farsímans.

Álitsbeiðandi lýsir því að seljandi hafi í kjölfarið afhent sér nýjan farsíma, nánar tiltekið þann 1. mars 2018, af gerðinni iPhone 7, en síminn hafi þó ekki verið í upprunalegum umbúðum. Sama bilun hafi komið upp í nýja farsímanum um það bil einu ári og fimm mánuðum eftir afhendingu, eða í byrjun ágúst 2019. Seljandi hafi þá upphaflega neitað að skoða farsímann og upplýst að farsíminn væri ekki lengur í ábyrgð. Að endingu hafi seljandi hins vegar fallist á að senda farsímann til skoðunar hjá viðurkenndum þjónustuaðila framleiðanda hér á landi.

Álitsbeiðandi vísar til þess að nokkrum dögum síðar hafi seljandi haft samband við sig og tilkynnt að farsíminn væri ekki lengur í ábyrgð en að álitsbeiðanda stæði til boða að kaupa nýjan farsíma á 61.290 krónur. Hafi komið fram af hálfu seljanda að aðeins væri þriggja mánaða ábyrgð á svokölluðum „útskiptitækjum“ hjá þjónustuaðila framleiðandans, en ábyrgð seljanda sé hins vegar til eins árs. Þá hafi komið fram hjá seljanda að öll ábyrgð hans félli niður hafi farsími orðið fyrir höggi eða rakaskemmdum, óháð því hvort bilunina mætti rekja til slíkra atvika. Samkvæmt því hafi seljandi upplýst álitsbeiðanda um að viðkomandi farsími væri ekki lengur í ábyrgð, þ.e. bæði vegna þess að meira en eitt ár hefði verið liðið frá afhendingu sem og vegna ætlaðra höggskemmda á símanum þar sem sprungu væri að finna á neðra horni á skjá farsímans. Álitsbeiðandi bendir hins vegar á að sprungan hafi verið á skjánum um langt skeið, en hann engu að síður virkað að öllu leyti þar til um einu ári síðar.

Álitsbeiðandi reisir málatilbúnað sinn fyrir nefndinni á því að farsíminn sé haldinn galla og krefst endurgreiðslu á kaupverði eða skaðabóta.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er vísað til þess að farsímar falli úr ábyrgð hafi þeir orðið fyrir högg- eða rakaskemmdum af einhverju tagi. Slíkt eigi við um farsíma álitsbeiðanda. Þegar af þeirri ástæðu falli farsíminn ekki undir ábyrgðarskilmála seljanda og beri því að hafna kröfum álitsbeiðanda í málinu.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi farsíma af seljanda þann 29. september 2016 fyrir 124.990 krónur. Sá farsími bilaði þann 17. febrúar 2018 og var samkvæmt gögnum málsins litið svo á að farsíminn væri haldinn galla. Fékk álitsbeiðandi því afhentan nýjan farsíma af sömu gerð frá seljanda þann 1. mars 2018. Sá farsími mun hafa bilað með sambærilegum hætti um einu ári og fimm mánuðum eftir afhendingu. Seljandi hefur hafnað kröfu álitsbeiðanda um úrbætur á farsímanum. Er farsíminn að sögn seljanda ekki lengur í ábyrgð þar sem meira en eitt ár er liðið frá afhendingu auk þess sem farsíminn hefur orðið fyrir höggskemmdum. Álitsbeiðandi telur að farsíminn sé haldinn framleiðslugalla og krefst endurgreiðslu eða skaðabóta.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) gildir um tilkynningarfreist vegna galla í söluhlut, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“

Samkvæmt ákvæðinu getur neytandi ekki borið fyrir sig galla á söluhlut ef hann leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku. Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda vegna bilunar í farsímanum um einu ári og fimm mánuðum eftir afhendingu og tilkynnti því um galla innan tilgreinds frests samkvæmt lögunum. Kærunevndin álitur að fyrirtækjum sé óheimilt að takmarka þann lögbundna tilkynningarfreist sem kveðið er á um lögum nr. 48/2003, enda eru löggin ófrávíkjanleg samkvæmt 3. gr. þeirra. Fyrirmæli laganna um tilkynningarfreisti neytenda vegna galla gilda því hér á landi óháð þeim takmörkunum sem kunna að koma fram í ábyrgðarskilmálum.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. nkpl. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-lið 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki. Að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Samkvæmt framangreindu ber álitsbeiðandi sönnunarbyrðina fyrir því að farsíminn sem hún fékk afhentan þann 1. mars 2018 hafi verið haldinn framleiðslugalla við afhendingu. Engin gögn eða skýringar hafa komið fram í málinu fyrir kærunevndinni sem fært gætu stöð undir þá fullyrðingu álitsbeiðanda að um framleiðslugalla hafi verið að ræða. Að mati

nefndarinnar verður ekki fram hjá því litið að farsíminn var orðinn eins árs og fimm mánaða gamall þegar bilunarinnar varð vart en margvísleg atriði geta haft áhrif á endingartíma farsíma, líkt og meðferð og utanaðkomandi þættir. Þá verður að líta til þess að nokkrar sprungur vegna höggs er að finna í neðra horni vinstra megin á skjá farsímans en ekki er unnt að útiloka með hliðsjón af málgögnum að höggskemmdir hafi valdið tjóni á virkni farsímans, jafnvel þó tjónið hafi ekki komið í ljós fyrr en síðar.

Með hliðsjón af framangreindu, sem og að teknu tilliti til málgagna og atvika allra, er það mat nefndarinnar að ekki hafi verið leitt í ljós í málinu að viðkomandi farsími hafi verið haldinn galla í skilningi IV. kafla laga nr. 48/2003 við afhendingu hans og áhættuflutning þann 1. mars 2018.

Samkvæmt því verður að hafna kröfu álitsbeiðanda í máli þessu.

VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Sölvi Davíðsson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson